



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel og matvælkólinn Leiðsöguskólinn

Fundargerð skólanefndar 21. nóvember 2022

Kl: 12:00 til 13:20

Mætt: Guðmundur Birkir Þorkelsson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Steinþór Jónsson og Eysteinn Pétursson. Gerður Bjarnadóttir áheyrarfulltrúi kennara og Svandís Dóra Einarsdóttir boðuðu forföll

1. **Fjármál:** Skólameistari og fjármálastjóri kynntu rekstraráætlun skólans fyrir næsta ár. Rekstur skólans er í jafnvægi. Samþykkt
2. **Endurnýjun búnaðar í bakaríi:** Skólameistari og innkaupastjóri kynntu tilboð í endurnýjun á ofnum og búnaði í bakaríi. Innkaupastjóra falið að vinna áfram í málinu og taka hagstæðasta tilboði.
3. **Dómsmál:** Skólameistari fór yfir málsástæður og niðurstöðu héraðsdóms vegna stefnu 12 kennara við skólann um efndir á vinnumati skv. fyrirmælum mennta- og menningarmálaráðherra frá 2018. Enn er eftir að taka ákvörðun um áfrýjun til Landsréttar en þar til ríkislögmaður hefur tekið þá ákvörðun er ekki unnt að fjalla um málið utan trúnaðar.
4. **Önnur mál:**
 - 1) Bygging íþróttahúss í Kópavogi: Það er afar brýnt að við MK rísi íþróttahús. Afreksíþróttasvið skólans fer stöðugt vaxandi og út frá heilsuefandi sjónarmiðum er mikilvægt að allir nemendur skólans hafi aðgang að hollri og vandaðri hreyfingu.
 - 2) Skólameistara og formanni skólanefndar er falið að rita bréf til Kópavogsbæjar og mennta- og barnamálaráðherra með formlegri ósk um byggingu íþróttahúss við skólann.
 - 3) Eins skuli skólameistari kanna með að fá arkitekt til að teikna lauslega upp hvernig má koma íþróttahúsi fyrir á lóð skólans.
 - 4) Skólameistari upplýsti að reglubundin ytri úttekt menntamálastofnunar fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins færi fram í byrjun febrúar.
 - 5) Skólameistari fór yfir stöðu vegna innleiðingar ferilbókar. Mikið vantar upp á að atvinnulífið sé að taka við sér og skrá nema í ferilbók og hvað þá nota hans eins og til er ætlast. Talsverður tími framkvæmdastjóra hótels og matvælkólans fer í að leiðbeina atvinnulífinu um notkun ferilbókar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026